

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

Tvístefnuakstur verður á Hafnarstræti milli Aðalstrætis og nýrrar tengingar þess við Drottningarbraut. Jafnframt verða bifreiðastöður heimilar við vesturbrún götunnar frá húsi nr. 25 að húsi nr. 41 og við austurbrún götunnar frá lóð nr. 24 að húsi nr. 34. Annars staðar á þessum götukafla eru bifreiðastöður bannaðar.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 7. júní 1993.

Elías I. Elíasson.

Nr. 226

2. júní 1993

REGLUGERÐ

um greiðslu uppbótar á atvinnuleysisbætur.

1. gr.

Á árinu 1993 skal Atvinnuleysistryggingasjóður geiða uppbót á atvinnuleysisbætur samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Uppbótin reiknast þannig að fundið er meðaltal dagpeninga á mánuði á tímabilunum 1. febrúar til 30. apríl 1993 og 1. september til 30. nóvember 1993. Barnadagpeningar reiknast ekki með. Sú upphæð, sem þannig fæst er dregin frá kr. 80 000 miðað við fullar bætur allan viðmiðunartímann. Viðmiðunarypphæðin lækkar í hlutfalli við bótahlutfall og fjölda bótadaga á tímabilinu. Uppbótin verður helmingur þannig fenginnar niðurstöðu.

Uppbótin greiðist aðeins þeim sem við lok viðmiðunartímabils hafa notið bóta í 87 bótadaga eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

Uppbótin greiðist í júní og desember 1993.

3. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta til skrá um uppbót fyrir hvern bótadag samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 50/1992 um breytingar á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.